

Nd.

286. Frumvarp til laga

um embættisbústaði héraðsdómara.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnaegt er húsnæðisþörf héraðsdómara utan Reykjavíkur, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári banda héraðsdómurum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv. — Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum þessum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.

Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sinu lagi.

2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á húsi, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda faist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.

3. gr.

Um viðhald embættisbústaðarins o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.